

3. stjórnarfundur UMSB haldinn í Borgarnesi 27. mars 2018.

Mættir : María Júlía, Sólrún Halla, Guðrún, Sigurður, Kristín og Sigríður sem kom seinna.

1. Fráfarandi sambandsstjóri setur fundinn
2. Fundargerð síðasta fundar 20 febr. var ekki hægt að afgreiða þar sem hún hefur ekki borist enn.
3. farið yfir samþykktir sambandsþings frá 14. mars.

Framkvæmdastjóra falið að senda viðkomandi aðilum þakkarsamþykktirnar og áskoranir til Borgarbyggðar sem voru samþykktar á þinginu.

*Tillaga kom fram um að stjórn leiti leiða til að lottótekjur skili sér meira til grasrótarinnar og þá helst með auknum styrkjum frá atvinnulífi og opinberum stofnunum.

Stjórn vill alveg skoða þetta en gerir sér ekki grein fyrir hvernig en hugsar málið.

* Aðeins spáð í hverjir geta verið í nefnd eldri ungmennafélaga til að vinna að hvatningu fólks á aldrinum 50 + vegna landsmóts 50+ sem verður á sambandssvæði UMSB 2020.

Engin niðurstaða í því máli að sinni.

*Sögunefnd - fyrir nokkrum árum var skipuð ritnefnd sem við höldum að hafi lítið gert en við viljum reyna að fá þá nefnd til starfa á ný en í henni voru Guðmundur Sigurðsson, Bjarni Guðmundsson og Jón Gíslason.

* **Framkvæmdastjóri hefur samband við þá.**

* Meetoo. nefnd, faghópur sem sinnir verkferlum við allskonar atvik. Hópurinn verður skipaður einum aðila frá Borgarbyggð þremur frá UMSB og einum frá Heilbrigðisstofnun Vesturlands

* UMSB skipar Maríu Júlíu sambandsstjóra og Sigurð framkvæmdastjóra í þá nefnd og finnur þann þriðja eftir kynjahlutfalli þegar aðrar skipanir hafa komið.

* **Sigurður leitar eftir fulltrúum frá Borgarbyggð og Heilsugæslunni.**

* Könnun á þáttöku barna í skipulögðu íþróttastarfi og hvert brottfallið er. Athuga hvort Sigurþór Kristjánsson hefur einhverjar hugmyndir um þetta.

4. Stjórnarskipti.

María Júlía tekur við sambandsstjórastarfinu og farið er yfir helstu hlutverk stjórnar.

5. Starfsmannamál.

Til að tómsfundafulltrúinn hafi aðgang að nauðsynlegum upplýsingum vegna starfa sinna er spurning um hvort hún þurfi að vera í hlutastarfi hjá B.B. en

upphaflega var tómsfundafulltrúastarfið hugsað til að losa aðeins frá B.B og skapa sjálfstæði.

Dreyfbýlið hefur verið erfitt að höndla en er vonandi á réttri leið.

Ef starfið verður sett upp sem skipt, þá er spurningin um hver á að borga.

Stjórn varð sammála um að fá Siggú Dóru tómsfundafulltrúa til að hitta stjórn og einhvern fulltrúa frá BB til að finna leið með þetta.

***Framkvæmdastj. gengur í að finna stund fyrir hópinn til að setjast yfir þetta.**

Til að geta gert allskonar skemmtilega hluti með frístundinni og í

æskulýðsstarfið þarf að fá fjárhagsramma frá BB til að fara eftir.

Þá er auðveldara að skipuleggja hlutina lengra fram í tímann.

6. Önnur mál

* Siggú segir frá verkefnum sínum þessa dagana

Hann er önnur kafinn við að sækja um allskonar styrki til ýmissa verkefna.

*s.s. vegna jaðarsports, sem er hjóltreiddar, hjólabretti og fl.

* vegna heilsuhátíðar sem byggir á fyrirlestur og kynningum á ýmsu heilsutengdu.

* til kynningardags fyrir ýmsar íþróttir.

* Hugmynd um að reyna að koma á utanvegarhlaupi um Vatnaleið eða fjallahjóltreiddakeppni á völdum leiðum.

* Siggú þekkir einhvern sem hefur átt við svona skipulag og ætlar að skoða málið.

Eins er spurning um að fá Flandrahópinn með í svona verkefni.

* Á sambandsþingi voru búningamálin rædd aðeins og við viljum fá sýnishorn að skoða og meta.

* Siggú hefur verið að laga heimasíðu UMSB og hvetur stjórn að kynna sér hver útkoman er.

* Kristín spyr hvernig undirbúningur gengur og hver aðkoma UMSB verður að Bikarmóti sem frjálslíþróttafélagið tók að sér að halda í Borgarnesi í sumar með UMSB sem bakjarl. Siggú telur að allt sé í himnalagi með undirbúninginn.

* Kristín óskar eftir að sett sé regla um greiðslur vegna aksturs á stjórnarfundi.

Viðmiðið sl. ár hefur verið að greiða 70 kr pr. km - nema fyrstu 10 km á hvern fund, sama um formannafundi og sambandsþing.

Samþykkt var að hafa þetta svona áfram.

* Samþykkt að greiðslur til félaganna fyrir að hafa fundi verði eins og sl. ár þ.e. 50 þús f. formannafund og 100 þús f. sambandsþing.

Fundaplan fyrir árið var búið til og er eftirfarandi.

17. apríl í Borgarnesi

22. maí á Lundi

5. júní formannafundur (reyna við Logaland.)

Júlí er sumarfrí nema eitthvað sérstakt komi til.

14. ágúst Borgarnes.

11. sept Hvanneyri.

9. okt. formannafundur --(þurfum að finna stað.)

6. nóv Kleppjárnsreykir/ Reykholtssdalur. (vinna með íþróttamann ársins)

4. des Borgarnes

Fleira ekki tekið fyrir - Kristín Gunnarsd.ritar fundargerðina.